



Stjórnarfundur SKÍ

Fimmtudagur 22. maí 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
- Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Pátttakendur:** Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettaneftndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Veronika Lagun formaður skíðaskotfimeftndar, Einar Ólafsson formaður skíðagönguneftndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður. Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri og Jónas Egilsson fráfarandi framkvæmdastjóri komu inn á fundinn í lið nr.3.
- Fjarverandi:** Gísli Reynisson gjaldkeri.
- Fundur settur kl. 15.30*

Fundardagskrá

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda, nr. 1673 og 1674
2. Ráðning nýs og starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra
3. Fjárhagsáætlunir nefnda út árið 2025 og staða
4. Fréttir af nefndum
5. Þjálfaramál – allar nefndir
6. Umsóknir til IBU
7. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur
8. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda, nr. 1673 og 1674
 - a. Samþykktar samhljóða.
2. Ráðning nýs og starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra
 - a. Formaður SKÍ og formenn skíðagöngu- og alpagreinaneftndar funduðu með Sigurði Haukssyni að ósk stjórnar. Í kjölfarið var ákveðið að ráða Sigurð í framkvæmdastjórastöðu SKÍ. Formanni og gjaldkera var falið að ganga frá samningi við Sigurð.
 - b. Umræða í stjórn um staðsetningu og aðsetur skrifstofu SKÍ þar sem Sigurður er búsettur á höfuðborgarsvæðinu en nánari umræðu skal taka á skíðaðingi í haust.
 - c. Farið yfir starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra.
3. Fjárhagsáætlunir nefnda út árið 2025 og staða
 - a. Fráfarandi framkvæmdastjóri fer yfir tillögunum sem var send stjórn SKÍ fyrir fundinn. Verið að endurskoða fjárhagsáætlunina fyrir 2025 en í tillögunni koma fram úthlutanir til nefnda m.v. samþykktir á Skíðaðingi, það sem nefndirnar eru

búnað að ráðstaða frá janúar til apríl 2025, eftirstöðvar hjá nefndunum, tillaga að viðbótarúthlutun, það sem nefndirnar hafa til ráðstöfunar frá maí til desember 2025 og að lokum samtals framlög fyrir 2025.

- b. Frá því að fjárhagsáætlun var samþykkt á Skíðahringi um miðjan september 2024, hafa orðið forsendubreytingar til hins betra:
 - i. Styrkur FIS vegna Infront samnings var ekki tilkominn við afgreiðslu áætlunar á þingi, en hann verður svipuð upphæð á þessu ári og 2026 og hann var 2024.
 - ii. Framlög Afrekssjóðs 2025 eru hærri en áætlun þings gerði ráð fyrir, en samt undir væntingum.
 - iii. Hluti Infront styrks var nýttur fyrir áramót til að greiða upp lán sem tekið var í fyrra vor. Því er ekki lengur þörf á fjármagni í afborganir á því láni sem áætlaðar voru á þessu ári.
- c. Skíðaskotfimin fær ekki fjármagn frá FIS eða afrekssjóði.
- d. Mikilvægt að kortleggja þarf viðburði og keppnir út árið.
- e. Umræða um þær upphæðir sem eiga að fara til skíðagöngunefndar hins vegar og alpagreinaneftdar annars vegar skv. tillögunni. Mikill munur er á milli nefndanna en alpagreinaneftnd virðist eiga að fá mun meira fjármagn en hefur verið áður.
- f. Fráfarandi framkvæmdastjóri tekur fram að það megi breyta þeim tölum sem fram koma í skjalinu, þetta sé einungis tillaga en mikilvægt sé að nefndirnar komi með tillögu að verkefnum og kostnaðarliðum og að skila þurfi inn kostnaðaráætlun með raunhæfum tölum svo hægt sé að meta hvaða fjármagn þurfi að fara til nefnda. Formaður skíðagöngunefndar tekur fram að hann geti alls ekki samþykkt svona mikinn mun í fjármagni til nefnda. Fráfarandi framkvæmdastjóri tekur fram að stjórn tekur endanlega ákvörðun um skiptingu fjárs en mikilvægt sé að fá raunhæfar áætlanir til að geta tekið meðvitaða ákvörðun.
- g. Ákveðið að nýr framkvæmdastjóri líti á gögn fyrri ára, verði í sambandi við formenn nefnda og skoði hvernig þessu hefur verið deilt út. Taka verði betri og nánari umræðu um þetta í stjórn svo hægt sé að taka endanlega afstöðu til tillögunnar um fjárhagsáætlun SKÍ 2025. Nýr framkvæmdastjóri leggur fram nýja tillögu á næsta fundi.

4. Fréttir af nefndum

- a. Þróunarverkefni á snjóbrettum
 - i. Tillaga send til stjórnar SKÍ fyrir fund þar sem lagt var til að taka fjármagn af styrk frá FIS vegna Infront samninga og veita til sérstaks átaks í uppbyggingu á snjóbrettaíþróttinni á Norður- og Austurlandi veturinn 2025-2026. Verkefnið yrði unnið og þróað í samvinnu við hlutaðeigandi félög.
 - ii. Tillaga rædd innan stjórnar SKÍ, jákvætt mál en þarf að skoða betur hvað átakið felur í sér og heildstæðari umræða að eiga sér stað innan stjórnar SKÍ svo hægt sé að tryggja að fjármagnið nýtist sem best þegar kemur að uppbyggingu á snjóbrettaíþróttinni um land allt. Ákveðið að fresta ákvörðunartöku að sinni.

5. Þjálfaramál – allar nefndir

- 1.1.1. Farið yfir þjálfaramál hjá öllum nefndum SKÍ en talsverðar breytingar hafa verið að eiga sér stað. T.d. er búið að ráða inn nýja þjálfara í hæfileikamótun bæði í

skíðagöngu og alpagreinum, nýjan landsliðsþjálfara í alpagreinum, endurráða þjálfara í alpagreinum o.fl.

6. Umsóknir til IBU

- a. Fráfarandi framkvæmdastjóri bjó til góðar umsóknir í samstarfi við formenn skíðagöngu- og skíðaskotfiminefndar. Mikill metnaður lagður í umsóknirnar og því bundnar vonir við að þær skili einhverju fjármagni til skíðaskotfiminefndar. Sóttum um meira fjármagn en verið er að úthluta. Svör ættu að berast um miðjan júní en í kjölfarið verða verkefnin kynnt betur fyrir stjórn.

7. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur

- a. Skíðaþing 2025
 - i. Haustfundur FIS í Zurich í lok september og því heldur bratt að ætla að vera með skíðaþing SKÍ helgina eftir. Formaður SKÍ stingur því upp á því að halda skíðaþingið aðra helgina í október eða þann 10-12. Október. Þá gefst nægilegur tími til þess að skipuleggja skíðaþingið en SKÍ verður að halda skíðaþing fyrir lok október skv. lögum SKÍ.
 - ii. Staðsetning verður staðfest von bráðar en verið er að skoða nokkra möguleika bæði í Reykjavík og í Garðabæ.
- b. Ný afstaðið Íþróttaping
 - i. Formaður og fráfarandi framkvæmdastjóri mættu fyrir hönd SKÍ og fór formaður yfir helstu atriði þingsins með stjórn SKÍ.
- c. FIS fundir í Vilamoura
 - i. Formaður og fráfarandi framkvæmdastjóri sóttu þennan fund sem var með hefðbundnu fyrirkomulagi. Fóru yfir helstu mál er varða SKÍ.
- d. SC fundur í Riga
 - i. Formaður skíðagöngunefndar sótti þennan fund og fór yfir helstu atriði með stjórn. Formaður skíðagöngunefndar tryggði að við fengjum að halda Scandinavian Cup næsta vetur en ákveðið að móti yrði á Ísafirði í febrúar 2026. Hins vegar gæti þurft að óska eftir því að Bláfjöll verði varastaður fyrir Ísafjörð vegna veðuraðstæðna. Formaður skíðagöngunefndar tekur málið áfram og upplýsir stjórn.

8. Önnur mál

- a. Afreksstjóri fer yfir nýjar leiðir í FIS skráningum sem Norðmenn hafa tekið upp og auglýsa nú innan sinna félaga. Afreksstjóri leggur til að SKÍ skoði svipaðar leiðir hérlandis.
- b. Formaður skíðagöngunefndar upplýsir stjórn um framgang mála er kemur að uppbyggingu á skíðahúsi á höfuðborgarsvæðinu.
- c. Rætt um að framkvæmdastjóri skipuleggi vinnudag stjórnar fyrir sunnan í byrjun haustsins þar sem þarf að forgangsraða málum inn í veturinn o.fl. Tekið vel í það af bæði framkvæmdastjóra og mættum stjórnarmeðlimum.

Fundi slitið kl. 17.32.

Næsta fundi frestað um viku eða frá 5. júní til 11. júní kl. 15.30.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.